

GIACOMO PUCCINI (1858-1924)  
FÆDDIST PENNAN DAG.

„List er eins konar sjúk-  
dómur.“

Puccini var ítalskt tónskáld. Hann er hvað frægastur fyrir óperur sínar *La Bohème*, *Tosca* og *Madama Butterfly* en þær eru meðal þeirra ópera sem eru oftast settar upp.



ÞETTA GERÐIST: 22. DESEMBER 1945

## Ný Ölfusárbrú tekin í notkun

Pennan dag árið 1945 var ný Ölfusárbrú tekin í notkun en brúin brúar Ölfusá við Selfoss. Hún er 84 metra löng á milli stöpla og þjórnar enn sínum tilgangi. Fyrri brúin var vígð árið 1891 og um hana voru samdar reglur þar sem meðal annars var bannað að fara yfir brúna ríðandi á hraða yfir klyfjakraða og skilgreint hve margir lausahestar máttu vera í rekstri yfir brúna.

Árið 1944 kom mjólkurbíll frá Reykjavík með annan í togi og þóldi brúin ekki þyngdina svo annar brúarstrengurinn slitnaði og bílarnir féllu báðir í ána. Annar lenti á grynningum þaðan sem síðar var hægt að



ná honum upp en hinn fór í hyl-djúpa gjána ásamt bílstjóranum. Bílstjóra þess bíls tókst að halda sér á varadekki þar til hann rak

á land við Selfoss-bæina fyrir vestan Selfosskirkju. Eftir það var hafist handa við að smíða nýja brú.

## MERKISATBURÐIR

- 1897 Stundaklukkan er sett upp í turni Dómkirkjunnar í Reykjavík og er hún þar enn. Klukkan er gjöf frá Thomsen kaupmanni.
- 1919 Síðustu dómarnir eru kveðnir upp í Landsyfir-rétti.
- 1947 Stjórnarskrá Ítalíu er samþykkt af stjórnlagabýgingu.
- 1987 Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík gengur í gildi og leysir aðra, sem var meira en hálfur aldar gömul, af hólmi.
- 1988 New York-samningarnir eru undirritaðir milli Kúbu, Angóla og Suður-Afríku og fengu Sameinuðu þjóðirnar stjórn Namíbíu.
- 1989 Ion Iliescu verður forseti Rúmeníu.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



ALI LOHAN  
söngkona  
er sextán  
ára.



JONAS ERIK  
ALTBERG  
(BASS-  
HUNTER)  
tónlistar-  
maður er  
25 ára.



VANESSA  
PARADIS  
söngkona  
er 37 ára.



RALPH  
FIENNES  
leikari er 47  
ára.



RJÚPA Fuglinn er alhvítur í vetrarhamnum MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON

## FUGL VIKUNNAR: RJÚPA

### Skiptir litum eftir árstíma

Rjúpan er eini hænsnfuglinn hér á landi. Hún skiptir litum eftir árstíðum, er hvít á veturna og brúnflíkrött á sumrin. Hún er því alltaf í felubúningi. Enda er rjúpan aðalbráð fálkans. Á vorin eru karrarnir mjög áberandi þar sem þeir stilla sér ropandi upp á hóla og hæðir og verja óðal sitt gegn öðrum körrum. Varpkjörlendi rjúpunnar er mólendi, kjarr og gróin hraun frá fjöru til fjalls. Fæða rjúpunnar er úr jurtaríkinu, svo sem ber, reklar og brum af víði og birki og laufblöð. Hún er einn fárra fugla sem halda til á há-

lendinu árið um kring. „Ein er upp til fjalla“ kvað skáldið forðum. Rjúpnastofninn sveiflast reglulega og stofnstærð nær hámarki á um tíu ára fresti og getur verið allt að tífaldur munur á rjúpnamergrö í lágmarki og hámarki. Líklega eru það nokkrir samverkandi þættir sem hafa áhrif á sveiflurnar svo sem fæðan, snikjudyrdyr og afrán. Rjúpur eru vinsæll jólamatur þótt það sé ekki ýkja gamall síður meðal almennings að borða fugla á jólum hér á landi.

www.fuglavemd.is



SVALT FÓLK Árni Þór og félagar hans skelltu sér í sjósund í köldu veðri gær dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SJÓSUNDS- OG SJÓBAÐFÉLAG REYKJAVÍKUR: HELDUR STOFNFUND Á NÝÁRS DAG

# Sjósundið verði þjóðaríþrótt

„Ég sé fyrir mér að sjósundið geti orðið að þjóðaríþrótt. Það er jákvætt á svo mörgum sviðum, það er gott fyrir sálina að sigrast á hindrunum og kuldinn gerir okkur gott. Það er mjög gaman að hafa tekið þátt í einhverju sem rífur þjóðina upp,“ segir Árni Þór Arnason sjósundsmáður, sem ásamt Benedikt Hjartarsyni hefur leitt vinnuna að baki stofnun nýs félags til hagsbóta fyrir sjósund og sjóbaðgesti Nauthólsvíkur. Stofnfundurinn verður haldinn á nýársdag.

Kveikjan að stofnun félagsins er mikil fjölgun þeirra sem stunda sjósund hér á landi undanfarið misseri. Fjölgunin hefur verið mikil á milli ára og má nefna að gestir í vetrarsjósundi voru 3.294 talsins allt árið 2008, en sú tala náðist í byrjun mars á þessu ári. Ekki er ólíklegt að fjöldi gesta fari nærri tólf þúsund á árinu og þá er einungis átt við sjósundfólk, ekki almenna Ylstrandar-

gesti sem koma til að njóta veðurblíðunnar og umhverfisins á sumrin. Árni segir ýmsa samverkandi þætti leika hlutverk í þessum auknu vinsældum. „Opnun Ylstrandarinnar var mjög mikilvæg og ekki síður Ermarsundsafrek Benedikts Hjartarsonar á síðasta ári. Þá hafa fjölmiðlar, bæði innlendir og erlendir, verið duglegir við að fjalla um sjósundið og birta af því myndir, og allt hjálpast þetta að. Það varð einhver sprenging í kringum þetta.“

Félagið hefur fengið nafnið Sjósunds- og sjóbaðfélag Reykjavíkur, og hefur óskað eftir viðurðum við Reykjavíkurborg um framtíð sjósunds í höfuðborginni. „Draumurinn er að þetta verði íþróttafélag og aðstæðan okkar verði í Nauthólsvík, rétt eins og Valur hefur aðstöðu á Hlíðarenda. Þá erum við ekki eingöngu að tala um sjósundið heldur ýmiss konar íþróttastarfsemi,“ segir Árni Þór.

Hann segir framtíðarsýn félagsins vera að byggja upp alþjóðlega sjósunds- og sjóbaðstöðu í Nauthólsvík, sem eftir verði tekið. „Fyrirmyndirnar eru til, til dæmis í Malmö í Svíþjóð. Til eru fyrirmyndir af slíkum sjóbaðsstöðum til dæmis í Malmö í Svíþjóð. Hugmyndir eru uppi um að dýpka út af grjótgardinum við hlið lönsins og gæti verið kjörið að byggja út frá því aðstöðu sem gæti boðið upp á sund í lokaðri aðstöðu jafnt sem fólk gæti synt út á sjó án hindrunar.“

Stofnfundurinn verður haldinn á veitingastaðnum Rúbín, við hlið Keiluhallarinnar, og hefst hann klukkan 13.30, strax að loknu hinu árlega nýársundi. Fundarstjóri verður Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður Skipulagsráðs Reykjavíkur. Þeir sem ekki geta mætt á stofnfundinn geta skráð sig sem stofnfélaga á síðunni [www.sjosund.is](http://www.sjosund.is).

kjartan@frettabladid.is



Ástkær frændi okkar,  
**Vilhjálmur Kristinn  
Sigurðsson**

fyrrv. póstvarðstjóri, Lindargötu 57,  
Reykjavík,

lést að heimili sínu miðvikudaginn 16. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.00.

Aðstandendur.



Hjartkær eiginmaður minn, faðir  
okkar, tengdafaðir og afi,  
**Þorlákur Jónasson**

andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, aðfaranótt  
20. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Lilja Árelíusdóttir  
Hafdis Gunnbjörnsdóttir  
Svandís Þorlákssdóttir  
Guðfinna Þorlákssdóttir  
Björn Þorláksson  
og afabörnin.

Aðalsteinn Arnbjörnsson  
Jóhannes Antonsson  
Friðjón Halldórsson  
Arndís Bergsdóttir



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og  
langamma okkar,  
**Ásta Jónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 20.  
desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Óskar Sigurðsson  
Hörður Sigurðsson  
Gunnar Sigurðsson  
Marta Guðrún Sigurðardóttir  
Jón Sigurðsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Brynja Kristjánsson  
Svala Birgisdóttir  
Anne-Marie Sigurðsson  
Magnús Sigsteinsson  
Margrét Einarsdóttir